

Ungmennafélagið ÁS

Stofnað 8. mars 2024



Handbók 2025



Inngangur

Hlutverk þessarar handbókar er að vera stjórn og starfsmönnum Ungmennafélagsins ÁS, iðkendum félagsins og foreldrum/forráðamönnum þeirra, til upplýsingar um skipulag og starfsemi félagsins.

Markmið Ungmennafélagsins er að vinna gott starf til hagsbóta fyrir iðkendur í sem flestum íþróttum sem og fyrir það samfélag sem við búum í. Til að tryggja að þetta gangi fyrir sig eins og best verður á kosið eru nú allar helstu upplýsingar varðandi starf félagsins tekna saman og settar á blað.

Handbók Ungmennafélagsins ÁS verður tekin til endurskoðunar og uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Skipulag félagsins.....	5
1.1 Markmið	5
1.1.1 Íþróttaleg markmið.....	5
1.1.2 Félagsleg markmið.....	5
1.1.3 Fjárhagsleg markmið.....	6
1.1.4 Siðareglur og hegðunarviðmið	6
1.2 Skipurit.....	9
1.3/1.3.1 Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna	9
1.3.2 Fulltrúi ungs fólks á aldrinum 16-25 ára.....	9
1.3.3 Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna	9
1.3.4 Aðalfundur - Störf og dagskrá	10
1.3.5 Samantekt um helstu hlutverk stjórnarmanna fylgja hér á eftir en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.....	10
1.4 Starfsmenn félagsins og hlutverk þeirra	12
1.5 Félagatal.....	13
1.6 Samskipti.....	13
2. Umgjörð þjálfunar og keppni	14
2.1 Stefna Ungmennafélagsins ÁS.....	14
2.2 Iðkendareglur.....	14
2.3 Þagnarskylda	14
2.4 Agavandamál og brot á iðkendareglum	14
2.5 Skyldur þjálfara.....	15
2.6 Viðveruskráning.....	15
2.7 Búningar.....	15
2.8 Mót.....	15
2.9 Slyss á æfingum og mónum.....	16
2.10 Afreksmenn.....	16
2.11 Verðlaun og viðurkenningar.....	16
2.12 Kennslu og æfingaskrár.....	17
3. Fjármálastjórn	17
3.1 Stefna félagsins	17
3.2 Fjárhagsáætlun.....	17
3.3 Ráðning þjálfara	17
3.4 Innheimta æfingagjald	17
3.5 Fjáraflanir.....	17
3.6 Eignir	17



4. Þjálfaramenntun.....	17
4.1 Stefna félagsins	17
4.1.1 Skyndihjálp	18
4.1.2 Þjálfaranámskeið ÍSÍ.....	18
4.3 Þjálfarafundir	18
4.4 Listi og upplýsingar um þjálfara félagsins	18
5. Félagsstarf.....	18
6. Foreldrastarf.....	19
7. Fræðslu- og forvarnarstarf.....	19
7.1 Hollir lífshættir	19
7.2. Vinátta, virðing og samskipti	20
7.3 Kynferðislegt ofbeldi.....	21
7.4 Vímuvarnir	21
7.5 Viðbragð.....	22
8. Jafnréttismál.....	23
9. Umhverfisstefna og umgengni	25
9.1 Umhverfisstefna	25
9.2 Umgengni.....	25
10. Persónuverndarstefna	26
11. Ágrip af sögu félagsins	29
12. Kennslu- og æfingaskrá yngri flokka	30
12.1 Kennsluáætlun UMFÁS í knattspyrnu	30
12.2 Kennsluáætlun UMFÁS í körfuknattleik	32
12.3 Kennsluáætlun UMFÁS í frjálsum íþróttum	33
12.4 Kennsluáætlun UMFÁS í karate	35
Viðauki I	36
Lög Ungmennafélagsins ÁS	36
Viðauki II	40
Upplýsingar um stjórnarmenn, nefndir og starfsmenn.	40
Viðauki III	41
Yfirlit yfir starf félagsins	41
Viðauki IV.....	43
Ráðningarsamningur þjálfara.....	43
Viðauki V.....	44
Fjárhagsáætlun.....	44



I. Skipulag félagsins

Ungmennafélagið ÁS er nýtt félag, stofnað þann 8. mars 2024. Félagið var stofnað af tveimur ungmennafélögum í Skaftárreppi, Ungmennafélagini Ármani og Ungmennafélagini Skafta.

I.I Markmið

- Að auka áhuga barna og ungmenna á íþróttum almennt sem og heilbrigðum lífsstíl.
- Að fylgjast með líðan og gengi iðkenda og sporna við brottfalli.
- Að efla hugarfar, félagsfærni og líkamsburði allra iðkenda svo að þeir geti náð árangri í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur í íþróttum sem og utan íþróttta.

I.I.I Íþróttaleg markmið

- Í íþróttum læra börn að fylgja reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur og sjálfsaga. Mikilvægt er að hver og einn fái með íþróttaiðkun sinni tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig á jákvæðan hátt og öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að læra einbeitingu, þolinmæði, umburðarlyndi, tillitsemim sýna traust og kærleik og vera einn af hópnum.
- Íþróttir hafa uppeldislegt, menningarlegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um æfingar eða keppni er að ræða, skal miða að því að allir hafi jafngild tækifæri og séu metnir að verðleikum óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhætti eða kyni.

I.I.2 Félagsleg markmið

- Góðri félagsaðstöðu fyrir iðkendur, foreldra og félagsmenn.
- Góðri móttöku nýrra félagsmanna.
- Eflingu félagsanda.
- Samvinnu og samskiptum við önnur íþróttafélög
- Góðri líðan iðkenda og að ánægja og gleði sé í fyrirrúmi.
- Því að allir fái tækifæri og tekið er tillit til mismunandi þarfa iðkenda.
- Eflingu samstarfs við foreldra og sem mestri þátttöku foreldra í félagsstarfi.
- Góðri framkomu iðkenda á æfingum og öðrum íþróttasamkomum.



I.I.3 Fjárhagsleg markmið

- Byggja starf sitt ávallt á fjárhagslega traustum grunni svo metnaðurfullt íþróttastarf sé tryggt til framtíðar.
- Að félagið standi fjárhagslega undir starfsemi sinni á hverju rekstarári.
- Að fjármálastjórnun félagsins sé ætíð í samræmi við lög og reglur ÍSÍ.
- Að félagið reyni eftir fremsta megni að aðstoða iðkendur við skipulagningu fjáraflana til að fjármagna þáttökuna í starfinu.
- Í gátlista vegna verkefnis ÍSÍ um Fyrirmyndarfélög er þess getið að bókhald þurfi að vera aðskilið milli eldri og yngri iðkenda. Þessi kafli á ekki við um starfsemi Ungmennafélagsins ÁS.

I.I.4 Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur

Siðareglurnar eru byggðar á reglum ÍSÍ. Þær eiga við um alla aðila innan ÍSÍ og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/íþróttabandalög og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni. Kynntu þér og tileinkaðu þér þessar siðareglur:

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varstu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu. Á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspílum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

Hegðunarviðmið

Viðmiðin skiptast í sex hluta sem eru: Iðkandi (yngri), iðkandi (eldri), þjálfari, stjórnarmaður/starfsmaður, foreldri/forráðamaður og stuðningsmaður.

a) Iðkandi (yngri) – þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur og sýna alltaf heiðarleika í íþróttum.
3. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbýr.
4. Þræta ekki eða deila við dómarann.
5. Taka þátt í íþróttum ánægjunnar vegna en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilji það.
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opin gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins.



7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll á vettvangi félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Mæta alltaf á réttum tíma á æfingar, keppnir eða aðra viðburði félagsins.
10. Bera ætíð virðingu fyrir nafni og búningi félagsins.

b) Iðkandi (eldri) – þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika í íþróttum.
4. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarlíðsi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína og neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.
5. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna leiksins.
6. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annara óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll á vettvangi félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Mæta alltaf á réttum tíma á æfingar, keppnir eða aðra viðburði á vegum félagsins.
10. Bera ætíð virðingu fyrir nafni og búningi félagsins.
11. Vera alltaf til fyrirmynðar í framkomu bæði innan og utan vallar.
12. Hafa alltaf hugfast að þú ert fyrirmund fyrir yngri iðkendur.
13. Ert heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
14. Sýnir aldrei eða leyfir ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.

c) Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
2. Hefur ávallt í huga að hlutverk þitt er að byggja upp iðkendur bæði líkamlega og andlega.
3. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu meðal iðkenda.
4. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda og með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
5. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
6. Viðurkennir og virðir ákvarðanir sem dómarar taka.
7. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
8. Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínnum.
9. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
10. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varstu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
11. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
12. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfarra og sérfræðinga þegar þess þarf.
13. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
14. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
15. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.
16. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki í leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.
17. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.



18. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynnd, bæði innan vallar sem og utan.
19. Talaðu alltaf gegn noktun ólöglegra lyfja.
20. Talaðu alltaf gegn neyslu áfengis og alls tóbaks.
21. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
22. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
23. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
24. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
25. Forðastu náið samband við iðkanda, fyrir utan æfingar- og keppnistíma.

d) Stjórnarmaður/Starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmynndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábarasönum reikningsaðferðum.
8. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

e) Foreldri/forráðamaður hafðu ávallt hugfast að:


1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
3. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
4. Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
5. Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
6. Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
7. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan leik eða keppni stendur.
8. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum.
9. Líta á dómarann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
10. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.
11. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppa með félaginu.

f) Stuðningsmaður:

1. Mundu að mikilvægast er að hvetja lið áfram og hrósa þegar vel er gert. Stuðningsmenn eiga að hvetja og hrósa.

2. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðningsmanna sem og leikmanna og þjálfara.
3. Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, svo sem ölvun og ólæti. Mundu að þú ert mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
4. Berðu virðingu fyrir stöfum dómarar og þjálfara.
5. Hlutverk stuðningsmanna er félagini mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins jafnt utan vallar sem innan.

I.2 Skipurit



I.3 Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna

1.3.1

Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna

Aðalstjórn er kosin á aðalfundi félagsins. Stjórnarmenn eru kjörnir til eins árs í senn. Kosinn er formaður, gjaldkeri og ritari, tveir meðstjórnendur og tveir varamenn. Leitast skal við að í stjórn sitji bæði karlar og konur.

1.3.2

Fulltrúi ungs fólks á aldrinum 16-25 ára

Stefna félagsins er að ungt fólk eigi fulltrúa í aðalstjórn. Til að tryggja að rödd unga fólksins heyrist ásamt því að hugmyndir þeirra, óskir og þarfir komist á framfæri

1.3.3

Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna

Stjórnarmenn eru kjörnir á aðalfundi ár hvert. Starf stjórnar er að fara með yfirstjórn félagsins, framkvæmda ályktarnir fundar og vinna að lögbundnum markmiðum félagsins.



1.3.4 Aðalfundur - Störf og dagskrá

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar í febrúar eða mars ár hvert.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Tillögur og lagabreytingar lagðar fyrir fundinn ef um er að ræða
7. Umræður og afgreiðsla tillagna
8. Lagabreytingar afgreiddar
9. Stjórnarkosningar:
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosinn ritari
 - c. Kosinn gjaldkeri
 - d. Kоснir tveir meðstjórnendur
 - e. Kosnir tveir varamenn
10. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
11. Aðrar kosningar:
 - a. Kosnir fimm fulltrúar í foreldraráð
 - b. Kosnir þrír fulltrúar í íþróttanefnd
 - c. Kosnir fulltrúar á ársþing USVS
12. Veittar viðurkenningar
13. Önnur mál
14. Fundargerð aðalfundar borin upp til afgreiðslu.
15. Fundarslit

I.3.5 Samantekt um helstu hlutverk stjórnarmanna fylgja hér á eftir en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

1.3.5.1 Formaður

Formaður hefur aðal framkvæmdavaldið og skal gæta þess að allir félagsmenn gæti skyldu sinnar gagnvart féluginu og boða til funda. Formaður vinnur náið með íþróttu- og æskulýðsfulltrúa og er stuðningur við starf hans.

1.3.5.2 Gjaldkeri

Gjaldkeri heimtir inn tekjur félagsins og greiðir gjöld þess. Hann sér um fjármál félagsins og



ber ábyrgð á þeim ásamt öðrum stjórnarmönnum. Hann sér um reikninga félagsins sem skulu lagðir fram á aðalfundi, skoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.

1.3.5.3 Ritari

Ritari er jafnframt varaformaður félagsins og tekur virkan þátt í stjórnun félagsins.

1.3.5.4 Meðstjórnendur

Meðstjórnendur taka virkan þátt í stjórnun félagsins.

1.3.5.5 Nefndir

Meginhlutverk foreldraráðs er:

Hlutverk foreldraráðs er að vera tengiliður iökenda og forráðamanna þeirra við stjórn og þjálfara félagsins. Jafnframt að styðja við það íþrótta- og félagsstarf sem fram fer hjá iökendum.

Megin hlutverk foreldraráðs er:

- Að standa vörð um hagsmuni iökenda.
- Að efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar.
- Að stuðla að bættri vellíðan iökenda í leik og starfi.
- Að stuðla að betri árangri í starfi félagsins.
- Að standa að baki iökendum við fjároflun.
- Foreldraráð er skipað fimm fulltrúum og kosin á aðalfundi.

Dæmi um atriði sem gert er ráð fyrir að foreldraráð komi að eru:

- Lokahóf íþróttastarfs í maí, ágúst og desember.
- Vera til taks ef á þarf að halda í kringum lokahóf handboltanámskeiðs í janúar og leikjanámskeiðs á sumrin.
- Heldur utan um skipulag í kringum sjoppur á móturnum sem félagið heldur eða kemur að.
- Finna foreldra/forráðamenn til að fylgja iökendum eftir í hópferðum, t.d. á móti.
- Skipuleggur fjáraflanir.

Foreldraráð geta stofnað bankareikninga fyrir iökendur/tiltekin hóp þar sem haldið er utan um fjáraflanir hópsins. Þó aðeins í samstarfi við gjaldkera aðalstjórnar. Bankareikningar skulu ávallt stofnaðir á kennitölu Ungmennafélagsins ÁS og koma fram í bókhaldi þess.

Foreldraráð er ekki heimilt að skuldsetja félagið án samþykkis aðalstjórnar félagsins.

Fjáraflanir skal bera undir formann félagsins og íþróttafulltrúa.



Meginhlutverk íþróttanefndar er:

Hlutverk íþróttanefndar er að velja efnilegasta íþróttamann ársins og velja hver hlýtur hvatningarverðlaun. Einnig hefur íþróttanefnd heimild til að velja félaga ársins. Viðurkenningarnar eru veittar á aðalfundi Ungmennafélagsins ÁS árlega. Þjálfarar félagsins tilnefna og skila greinagerð með tilnefningum. Nefndarmenn fara yfir tilnefningar og funda í kjölfarið með þjálfurum þar sem tekin er endanleg ákvörðun um hverjir hljóta viðurkenningar.

- Íþróttanefnd er skipuð þremur fulltrúum.

I.4 Starfsmenn félagsins og hlutverk þeirra

Hjá félaginu starfar íþróttar- og æskulýðsfulltrúi sem ráðinn er í samstarfi við Skaftárhrepp. Aðrir starfsmenn félagsins eru þjálfarar sem ráðnir eru sem verktakar með skriflegum ráðningarsamningi. Auk þess er aðstoðarfólk fengið til starfa þegar þáttökufjöldinn er slíkur að þörf er á.

1.4.1 Þjálfari

- Afhendir formanni og íþróttafulltrúa hópalista vegna innheimtu æfingagjalda.
- Gerir greinagerð um þá iðkendur sem skara fram úr í hverri grein fyrir sig. Greinagerðin er svo tekin fyrir á fundi með íþróttanefnd.
- Hefur samráð við stjórn um mótt og annað félagsstarf.
- Sér um eða aðstoðar við skráningu iðkenda á mótt eftir því hvað á við hverju sinni.

1.4.2 Þjálfarar

Þjálfarar sjá um þjálfun á ákveðnum hópi iðkenda, fara með þeim á mótt og í aðrar ferðir auk þess að koma að félagsstarfi innan hópsins í samstarfi við foreldraráð.

1.4.3 Aðstoðarmenn/Aðstoðarþjálfarar

Aðstoðarmenn eru þjálfurum til aðstoðar þegar um stóra hópa er að ræða. Þeir aðstoða við kennslu, mótt og félagsstörf. Ef fjöldi í hóp fer yfir 12-20 iðkendur skal þjálfari meta í samráði við formann hvort ráða þurfi aðstoðarþjálfara.

1.4.4 Umsjónarmenn íþróttaskóla

Skipuleggja starf íþróttaskólans, ákveða hvernig aldurshópnum er skipt upp og í hversu margu hópa. Sjá um faglegt starf íþróttaskóla og raða aðstoðarmönnum á áhöld og gefa þeim leiðbeiningar.

1.4.5 Aðstoðarmenn íþróttaskóla

Eru til aðstoðar umsjónarmönnum íþróttaskóla. Leiðbeina börnum og fylgjast með að þau fylgi fyrirmælum. Passa að börn í íþróttaskóla stefni hvorki sjálfum sér né öðrum börnum í hættu.



1.4.6 Umsjónarmenn leikjanámskeiða

Skipuleggja starf leikjanámskeiða. Sjá um allt faglegt starf leikjanámskeiða og raða aðstoðarmönnum á áhöld og gefa þeim leiðbeiningar.

1.4.7 Aðstoðarmenn leikjanámskeiða

Eru til aðstoðar umsjónarmönnum leikjanámskeiða. Leiðbeina börnum og fylgjast með að þau fylgi fyrirmælum.

I.5 Félagatal

Félagar í Ungmennafélaginu ÁS eru skilgreindir í lögum félagsins.

Félagar í UMFÁS eru:

- a) Félagar í UMFÁS eru allir þeir sem þess óska eða taka þátt í starfi félagsins og gangast undir lög félagsins. Skulu félagar skráðir í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í féluginu.
- b) Aðalstjórn heldur skrá yfir félaga. Aðalstjórn getur vikið félaga úr féluginu fyrir stórfellt brot á lögum félagsins.
- c) Allir þeir sem stunda æfingar eða keppa á vegum félagsins.

I.6 Samskipti

1.6.1 Fundir

Umræður og ákvarðanatökur félagsins fara fram á formlegum fundum, þannig að tryggt verði að ákvarðanir séu teknar með lýðræðislegum hætti. Aðalfund skal boða í samræmi við lög Ungmennafélagsins ÁS. Stjórnarfundi skal halda eftir þörfum eða minnsta kost fjóra á einu almanaksári.

1.6.2 Fundarboð

Íþróttafulltrúi boðar stjórn á fund að beiðni formanns. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um fundartíma, fundarstað og dagskrá fundarins. Ef ekki er annað tekið fram er formaður fundarstjóri.

1.6.3 Fundargerðir

Fundargerð er söguleg heimild og sönnungargagn um fund og þarf því að vera áreiðanleg, nákvæm og færð af hlutleysi. Íþróttafulltrúi ritar fundargerð. Fundargerðir skulu vera stuttar, skýrar og settar fram á skipulegan hátt. Miða skal við eftirfarandi uppröðun: Fundartími, fundarstaður, fundarmenn, fundarstjóri ef annar en formaður, dagskrá, lýsing og ákvarðanataka, fundarritari ef annar en íþróttafulltrúi.

Fundargerð er útdráttur á umræðum fundarins. Gera skal skýran mun á aðalatriðum og auka-atríðum og miða við kjarna máls, en sleppa nánari útskýringum. Geta skal til um allar ákvarðanir fundarins.

Fundargerð síðasta fundar skal staðfesta í byrjun hvers fundar. Fundargerð skal að jafnaði send þeim sem boðaðir eru á fundinn.



1.6.4 Bréf og orðsendingar

Mikilvægt er að bréf og orðsendingar sem sendur eru út í nafni félagsins séu rituð samkvæmt reglum um íslenskt málfar og séu féluginu til sóma. Bréf send út á vegum félagsins er á ábyrgð formanns. Orðsendingar til iðkenda er á ábyrgð þjálfara.

2. Umgjörð þjálfunar og keppni

2.1 Stefna Ungmennafélagsins ÁS

Félagið fylgir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglings. Stefnuyfirlýsingin er aðgengileg á heimasíðu ÍSÍ.

Félagið leggur jafnframt mikla áherslu á að sinna hverjum einstaklingi eins vel og hægt er miðað við persónulega getu og áhuga.

2.2 Iðkendareglur

1. Iðkendur mæti stundvíslega og séu tilbúnir í fötum þegar tíminn hefst.
2. Iðkendur bíði stilltir inni í klefa eða á gangi íþróttahús þar til þjálfari sækir þá.
3. Iðkendur fari út úr salnum strax að lokinni æfingu og gæti þess að skilja engan fatnað eftir inni í sal.
4. Iðkendum er stranglega bannað að vera með tyggjó eða annað sælgæti á æfingum. Leyfilegt er að vera með vatnsbrúsa inni í sal.
5. Mikilvægt er að vera duglegur að mæta á allar æfingar til að hægt sé að vinna að settum markmiðum.
6. Foreldrum/forráðamönnum er heimilt í samráði við þjálfara að horfa á æfingar.

2.3 Þagnarskylda

Þjálfarar eru bundir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar um persónulega hagi iðkenda og gildir þagnarskyldan þótt þjálfari láti af störfum. Það sama á við um aðra starfsmenn og stjórnarmenn félagsins.

2.4 Agavandamál og brot á iðkendareglum

1. Iðkendur skulu fylgja þeim reglum sem settar er varða framkomu og hegðun. Ef iðkandi á barns- og unglingsaldri hlýtir ekki þeim reglum getur þurft að hafa samband við foreldra/forráðamenn, láta vita af ástandinu og biðja þá um að sjá til þess að iðkandi hagi sér í samræmi við reglur og trufli ekki æfingu. Ef iðkandi á við ofvirkni eða önnur geðræn vandamál að etja er foreldri/forráðamaður hvattur til að gera þjálfara grein fyrir því. Foreldri/forráðamaður ber ábyrgð á því að iðkandi hafi ekki verulega truflandi áhrif á æfingum.
2. Ef ofannefnt dugir ekki til að bæta hegðun og framkomu iðkanda er þjálfara heimilt að vísa iðkanda burt tímabundið og skal þjálfari tilkynna það iðkanda og foreldrum/forráðamönnum hans.
3. Ef endurtekið þarf að vísa iðkanda tímabundið frá æfingu skal þjálfari í samráði við formann félagsins og í samráði við iðkanda og foreldra/forráðamenn hans leitað leiða til að bæta ástandið.



2.5 Skyldur þjálfara

Þjálfari skal ávallt koma vel undirbúinn á æfingu og vanda til kennslu. Hann er félagini fyrirmýnd iðkenda, heldur uppi reglu og aga á æfingum og leitast við að vera félagini til sóma hvort heldur er á æfingum eða keppni. Þjálfari kemur vel fram við iðkendur og mismunari þeim ekki, er virkur á æfingum og laðar fram það besta hjá hverjum einstaklingi.

Þjálfari vinnur eftir kennslu- og æfingaskrá deildarinnar, sem er a.m.k. endurskoðuð fyrir hvern starfsvetur. Þjálfari skipuleggur fyrirfram hvern tíma og kennir með markvissum hætti.

Þjálfari á að hafa þekkingu á skyndihjálp og ber skylda til að kynna sér allar öryggisreglur er lúta að viðkomandi aðstöðu. Búnað skal yfirfara fyrir hverja æfingu eins og þurfa þykir. Fara skal yfir grunnatriði í öryggis í æfingasal með iðkendum í byrjun hverrar annar og/eða þegar iðkendur hefja þjálfun á ákveðnu sviði eða þar sem ákveðinn búnaður er notaður. Minna skal á öryggisreglur reglulega.

Þjálfari á að vera inni í æfingasal þegar æfingar fara fram, ef nauðsynlegt reynist fyrir þjálfara að yfirgefa salinn, tekur aðstoðamaður við þjálfun. Ef ekki er aðstoðarmaður til staðar skal leita aðstoðar annara þjálfara eða gera hlé á æfingum. Aðstoðarþjálfari kemur inn á æfingar ef iðkendafjöldi fer yfir 12 til 20 iðkendur eftir aðstæðum hverju sinni í samráði við formann félagsins.

Þjálfara ber að virða og framfylgja forvarnarstefnu félagsins.

Þjálfari skal mæta tímalega áður en æfing hefst og fylgja almennum húsreglum í íþróttahúsi. Við upphaf æfingar skal þjálfari sækja nemdnur í búningsklefa eða á ganginn í íþróttahúsini og við lok æfingar sjá til þess að iðkendur fari til búningsklefa sinna. Þjálfari ásamt iðkendum sér um að taka út og raða áhöldum og tækjum sem notuð eru við æfingar. Tryggja skal að rétt sé gengið frá öllum áhöldum í lok æfingar.

Þjálfarar senda reikning til gjaldkera.

Þjálfara ber að tilkynna forföll til formanns eða íþróttafulltrúa.

2.6 Viðveruskráning

Þjálfari skráir viðveru nemenda á hverri æfingu. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda iðkenda og fá yfirlit yfir ástundun þeirra.

2.7 Búningar

Iðkendur og þjálfarar skulu ávallt vera hreinir og snyrtilegir til fara á mórum og öðrum viðburðum þar sem þeir koma fram fyrir hönd félagsins og leitast við að vera klæddir búningum félagsins.

2.8 Mót

Þjálfarar, í samráði við formann og íþróttafulltrúa, stuðla að því að veita þeim iðkendum sem hafa þroska og getu til, tækifæri á að taka þátt í mórum við hæfi. Skal stefnuyfirlýsingi íSí um keppni barna og unglings höfð að leiðarljósi við þátttöku og val á mórum. Þjálfari skal sjá um að tilkynna með góðum fyrirvara þátttöku í mórum með upplýsingum til

iðkenda og aðstandenda þeirra. Mikilvægt er að allir fái tækifæri til að keppa á móturnum við hæfi. Aðeins þeir iðkendur sem mæta vel á æfingar er heimilt að keppa á móturnum.

Íþróttafulltrúi annast skráningu á móti ásamt gjaldkera félagsins.

Þjálfari, í samstarfi við foreldra, heldur utan um sinn hóp á móturnum og veitir keppendum stuðning og hvatningu. Hann skal brýna fyrir keppendum að vera félagini til sóma hvar sem þeir koma fram fyrir hönd félagsins.

2.9 Slyss á æfingum og móturnum

Mikilvægt er að boðleiðir séu skýrar ef slys ber að höndum og að allur búnaður sé til staðar auk þess sem aðgengi að honum sé gott. Allir þjálfarar skulu kynna sér geymslustað þessa búnaðar og ljúka námskeiði í skyndihjálpi.

Sjúkrataska með nauðsynlegustu áhöldum er geymd í íþróttahúsi. Taskan er í eigu íþróttahússins og sér forstöðumaður um að fyllt sé á hana reglulega. Kælipokar og klakar eru geymdir í ísskápi í kaffistofu starfsmanna við afgreiðslu þar sem auðvelt er að nálgast þá.

Við minniháttar áverka skal þjálfari eða aðstoðamaður sækja viðeigandi búnað í afgreiðslu og sinna hinum slasaða eða biðja um aðstoð starfsmanna í íþróttahúsi.

Við alvaralega áverka skal:

1. Veita fyrstu hjálp.
2. Hringja eftir neyðaraðstoð/sjúkrabíl í síma 112.
3. Hafa samband við aðstandendur/forráðamanns þessa slasaða.

2.10 Afreksmenn

Ungmennafélagið ÁS hefur ekki útbúið afreksmannastefnu þar sem félagið er grasrótafélag og iðkendur flytja gjarnan af svæðinu eftir 10. bekk til skolasóknar í framhaldsskólum og æfa þá gjarnan og keppa með öðrum félögum.

2.11 Verðlaun og viðurkenningar

Stefnu barna- og unglingsstarfs ÍSÍ er fylgt við afhendingu verðlauna og viðurkenninga innan félagsins.

Hjá börnum 8 ára og yngri er keppni ekki markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmóturnum. Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu. Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni. Allir skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Hjá 9-11 ára börnum skal keppni fara fram á félagsmóturnum og héraðsmóturnum. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

Börnum og unglungum ætti ekki að veita stórar viðurkenningar. T.d. er ekki æskilegt að íþróttamaður ársins sé yngri en 16 ára.



2.12 Kennslu og æfingaskrár

Þjálfari á að endurskoða kennslu og æfingaskrár í hverri grein og hverjum aldursflokkum fyrir sig við upphaf hvers starfsárs. Þjálfurum ber að fylgja kennslu og æfingaskrá við þjálfun iðkenda.

3. Fjármálastjórn

3.1 Stefna félagsins

Bókhald er fært af gjaldkera félagsins. Formaður og gjaldkeri hafa reglubundið eftirlit með fjármálum.

Gjaldkeri ber ábyrgð á greiðslu launa og reikninga og sér um að skila reikningum endurskoðuðum fyrir aðalfund félagsins ár hvert.

Foreldrararáð getur með samþykki aðalstjórnar stofnað reikninga fyrir hópa á kennitölu félagsins en sérmerkta hópnum. Á þá fer afrakstur fjáraflana fyrir hópana.

3.2 Fjárhagsáætlun

Við gerð fjárhagsáætlunar eru reikningar fyrra árs hafðir til hliðsjónar. Fjárhagsáætlun er fyrst og fremst unnin í samvinnu formanns og gjaldkera en skal samþykkt af stjórn.

3.3 Ráðning þjálfara

Allir þjálfarar félagsins eru verktakar. Laun þjálfara eru samræmd og miðast við menntun, reynslu og aldur. Stjórn auglýsir eftir þjálfurum og sér um ráðningu þeirra.

3.4 Innheimta æfingagjald

Æfingagjöld eru ákveðin af stjórn fyrir upphaf hverrar annar. Öll æfingagjöld eru innheimt í gegnum Sportabler. Skráning fyrir vorönn fer fram í janúar, skráning fyrir sumar í maí lok og byrjun júní, skráning fyrir haustönn í ágúst.

3.5 Fjáraflanir

Um fjáraflanir hópa má lesa í kafla 1.3.5.5 um foreldrararáð.

3.6 Eignir

Stjórn félagsins hefur yfirumsjón með eignum og tækjum félagsins. Þjálfari kemur með tillögur að kaupum á áhöldum og viðhaldi á þeim til viðkomandi stjórnar.

4. Þjálfaramenntun

4.1 Stefna félagsins

Stefna félagsins er að vera með menntaða og áhugasama þjálfara. Til að geta fylgt þessari stefnu eftir greiðir félagið gjald fyrir þjálfara sína vegna þjálfaranámskeiða ÍSÍ. Þar er átt við 1. stig, 2. stig og 3. stig almennar menntunar íþróttajálfara. Það skal tekið fram að það er alls ekki sjálfsagt mál að finna menntaða þjálfara í því litla samfélagi sem við búum í. Félagið getur því ekki tryggt að alltaf sé ráðinn menntaður þjálfari. Ef ráðinn er ómenntaður þjálfari skal félagið styðja hann og hvetja hann til að sækja sér menntun.



4.1.1 Skyndihjálp

Þjálfarar hjá félaginu skulu hafa lokið viðurkenndu grunnámskeiði um skyndihjálp og leggja fram vottorð því til staðfestingar. Ef þjálfari hefur ekki lokið slíku námskeiði við ráðningu skal hann leitast við að ljúka slíku námskeiði innan sex mánaða frá ráðningu.

4.1.2 Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Félagið reynir að fremsta megni að fylgja kröfum ÍSÍ um menntun þjálfara. Félagið er tilbúið til að styrkja þá þjálfara fjárhagslega sem námskeiðin sækja.

4.3 Þjálfarafundir

Þjálfarafundi skal halda í upphafi vorannar, sumarannar og haustannar þar sem farið er yfir áherslu og skipulag annarinnar. Einnig er farið yfir mótt og aðra viðburði sem eru framundan á önninni.

4.4 Listi og upplýsingar um þjálfara félagsins

- Gunnar Erlendsson þjálfar karate 1.-10. bekkjar. Hann hefur bæði bakgrunn úr karate og körfubolta. Gunnar æfði karate á árum áður með karatedeild Hauka og er með brúna beltið (3kyu). Hann hefur jafnframt lokið þjálfarastigi 1 frá ÍSÍ.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson þjálfar knattspyrnu 1.-10. bekkjar, körfubolta 1.-4. bekkjar og frjálsar íþróttir 1.-10. bekkjar. Hann er með bakgrunn úr fótbolta og frjálsum íþróttum. Sigurður lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Suðurlands á íþróttalínu þar sem viðfangsefnin voru meðal annars grunnþjálfun í körfubolta, handbolta og badminton. Hann hefur jafnframt lokið við þjálfarastig 1 og 2 frá ÍSÍ.
- Þorsteinn Valur Thorarensen þjálfar körfubolta 5.-10. bekkjar. Hann er með bakgrunn bæði úr körfubolta og fótbolta. Hann æfði körfubolta frá 8-19 ára aldri hjá Breiðablik. Þorsteinn hefur keppt í utandeildum, bæði í körfubolta og fótbolta.

5. Félagsstarf

Lögð er áhersla á að þjálfarar leitist við að mynda gott andrúmsloft samkenndar á reglubundnum æfingum. Auk þess skulu þjálfarar brjóta upp hefðbundið starf a.m.k. einu sinni á önn með því að halda skemmtikvöld eða með því að bjóða upp á annars konar óhefðbundið starf eins og t.d. æfingabúðir, grill eða bíó svo eitthvað sé nefnt. Með góðu félagsstarfi má auka samstöðu iðkenda, þeir fá tækifæri til að kynnast enn betur, eignast góða félaga og tengjast vináttuböndum. Með góðu félagsstarfi og góðum liðsanda má einnig vinna gegn brottfalli iðkenda og þá sérstaklega eldri iðkenda. Þjálfarar skulu skipuleggja félagslega viðburði í samstarfi við foreldraráð.



6. Foreldraстarf

Stefna félagsins er að foreldraráð sé starfandi hjá féluginu. Hlutverk foreldraráðs er að vera tengiliður iðkenda og forráðamanna þeirra við stjórn og þjálfara félagsins. Jafnframt að styðja við það íþróttar- og félagsstarf sem fram fer hjá iðkendum.

Megin hlutverk foreldraráðs er:

- Að standa vörð um hagsmuni iðkenda.
- Að efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar.
- Að stuðla að bættri vellíðan iðkenda í leik og starfi.
- Að stuðla að betri árangri í starfi félagsins.
- Að standa að baki iðkendum við fjároflun.
- Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum og er kosið á aðalfundi.

Dæmi um atriði sem gert er ráð fyrir að foreldraráðs komi að eru:

- Lokahóf íþróttastarfs í maí, ágúst og desember.
- Vera til taks ef á þarf að halda í kringum lokahóf handboltanámskeiðs í janúar og leikjanámskeiðs á sumrin.
- Heldur utan um skipulag í kringum sjóppur á móturnum sem félagið heldur eða kemur að.
- Finna foreldra/forráðamenn til að fylgja iðkendum eftir í hópferðum, t.d. á móti.
- Skipuleggur fjáraflanir.

Umfjöllun um foreldraráð má einnig finna í kafla 1.3.5.5

7. Fræðslu- og forvarnarstarf

Íþróttastarf er uppeldisstarf, þar læra börn og ungligar að fylgja settum reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur. Þjálfarar hafa því mikilvægu uppeldishlutverki að gegna og eru fyrirmyn dir barnanna í orði og verki.

Ungmennafélagið ÁS hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum og hefur það að leiðarljósi að starfa samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni. Ýmis gagnleg upplýsingarit er varða þessi mál má finna á heimasíðu ÍSÍ og hvetjum við þjálfara til að kynna sér þessi mál nánar.

7.1 Hollir lífshættir

Arangur í íþróttum byggir ekki aðeins á góðri þjálfun heldur einnig góðum og heilbrigðum lífsháttum. Næg hvíld og svefn, hollt mataræði, reglulegar máltíðir og næg vatnsdrykkja skipta máli til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Á æfingum benda þjálfarar á mikilvægi þessara þátta. Einnig skal minnt á mikilvægi svefns sem er öllum mikilvægum en þó sérlega börnum og unglingu sem þurfa meiri svefn en fullorðnir.

Þjálfarar reyna að koma í veg fyrir þá þætti sem dregið geta úr heilbrigði og ber að varast, nokkrir þessrara þátta verða taldir hér upp:

7.2. Vináttu, virðingu og samskipti

Ungmennafélagið ÁS leggur mikla áherslu á vináttu, virðingu og góð samskipti. Einelti er ekki liðið. Mikilvægt er að iökendum finnist íþróttaiðkunin skemmtileg og að þeim liði vel. Einnig er mikilvægt að þjálfarar hvetji iökendur með jákvæðum hætti og að iökendur hrósi hvor öðrum þegar vel er gert. Með félagsstarfi er stefna félagsins að byggja upp jákvæðan félagsanda, stuðla að vináttu og efla liðsanda.

Mikilvægt er að öll samskipti innan félagsins sé byggð á trausti og virðingu. Hvort sem um er að ræða samskipti innan stjórnar eða þjálfara, iökenda, foreldra/forráðamanna iökenda eða styrktaraðila.

7.2.1 Einelti

Einelti er síendurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri níðast eða ráðast ítrekað á einhvern einstakling. Ofbeldið getur verið félagslegt, líkamlegt, efnislegt eða andlegt.

Félagslegt einelti: Einstaklingur er skilinn útundan. Einstaklingi er strítt, gert lítið úr honum eða gerðar særandi athugasemdir (svipbrigði, andvörp, eftirherma o.fl.)

Líkamlegt einelti: Einstaklingi er hrint, sparkað í hann, hárreittur, klipinn o.s.frv. Einstaklingi haldið föstum eða lokaður inni.

Efnislegt einelti: Eigur viðkomandi (t.d. íþróttaföt, taska, skór eða fót) eru ítrekað eyðilagðar, faldar eða teknar.

Andlegt einelti: Einstaklingur er þvingaður til að gera eitthvað sem striðir gegn réttlætiskennd hans (t.d. girt niður um hann, hann þvingaður til að eyðileggja eigur annara). Einstaklingur fær neikvæð SMS boð og hótanir.

Ef grunur um einelti vaknar:

1. Skal tilkynna það aðalstjórn.
2. Samband haft við foreldra/forráðamenn þolenda og gerenda.
3. Þjálfari ræðir við allan hópinn um mikilvægi góðra samskipta. Hópurinn semur sér reglur um samskipti sem verða einhvers konar samningur um samskipti milli iökenda.
4. Ef ekki tekst að stöðva eineltið þarf að kalla eftir aðstoð frá fagaðilum.

Þjálfarar reyna að koma í veg fyrir alla þá þætti sem dregið geta úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum. Þjálfarar hafa samráð við formann og íþróttafulltrúa ef þeir telja ástæðu til að bregðast við aðstæðum iökenda sem draga úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum. Þjálfari er hvattur til að bregðast við aðstæðum sem hann telur alvarlegar með því að hafa samband við foreldra/forráðamenn iökenda.

Ef foreldrar/forráðamenn verða varir við einelti utan félagsstarfsins sem gæti haft áhrif á félagsstarfið eða teygt sig þar inn eru þeir hvattir til að láta þjálfara vita til að þeir átti sig



fyrri á því sem gæti verið að gerast og til að hægt sé að koma í veg fyrir eða að taka strax á einelti ef það kemur upp. Nánar má lesa um þetta í kafla 2.4. um iðkendareglur.

7.3 Kynferðislegt ofbeldi

Félagið vill sporna við því hvívetna að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað innan félagsins eða í tengslum við starfsemi þess. Félagið mun hafa þetta m.a. í huga í tengslum við fræðslumál. Félagið mun í því skyni uppfræða starfsfólk um hugsanlega merki um kynferðislegt ofbeldi ásamt því að uppfræða um það hvernig hægt er að komast hjá því að slíkt eigi sér stað sem og að bregðast við því ef upp kemur. Við hvetjum þjálfara til að kynna sér eftirfarandi á vef ÍSÍ:

<https://isi.is/library/Skrar/Fraedslusvid/Fraedslubaeklingar/Kynfer%C3%ADBoislegt%20ofbeldi%20%C3%ADAD%20%C3%ADAD%C3%BEr%C3%BBttum>

Ef grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknar:

- Íþróttafélagið tekur öllum tilkynningum alvarlega.
- Ef þolandi er lögráða skal sterkega hvetja viðkomandi til að kæra málið til lögreglu. Hringja í 112.
- Ef grunur vaknar um að forráðamaður/-menn eiga sjálfir aðild að kynferðislegu ofbeldi gegn barni skal hafa samband beint við lögrelgu eða barnaverndaryfirvöld í síma 112.
- Ef menn eru í vafa um hvernig eigi að bregðast við skal hafa samband við lögreglu, kynna málið og leita ráða í síma 112.
- Þolendur eiga kost á að leita sér stuðnings og aðstoðar hjá;
 - Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis, Landspítalinn Fossvogi.
 - Barnavernd Reykjavíkur í síma 411-1111
- Gerendur ofbeldis geta leitað til heimilisfridur.is eða í síma 555-3020.

7.4 Vímuvarnir

Íþróttir og neysla áfengis, tóbaks eða annara vímuefna fara ekki saman. Félagið hvetur þjálfara sína og iðkendur til að forðast öll þau efni sem dregið geta úr árangri þeirra í íþróttum og skaðað heilsu þeirra.

Þjálfarar eru fyrirmyn dir iðkenda bæði í orði og í verki, félagið hvetur þjálfara til að standa vörð um þá miklu ábyrgð sem þeir bera gagnvart iðkendum t.d. með því að vanda val á efni á persónulegum heimasíðum sínum og samfélagsmiðlum eða takmarka aðgang að þeim.

7.4.1 Reglur Ungmennafélagsins ÁS varðandi vímuefni

1. Öll neysla áfengis, tóbaks eða vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar, keppni og annara viðburða á vegum félagsins.
2. Reykingar eru bannaðar í og við íþróttamiðstöðina á Kirkjubæjklaustri.
3. Félagið mun bregðast sérstaklega við neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og verða foreldrar/forráðamenn undantekningalaust upplýstir um slíka neyslu.



4. Viðbrögð félagsins við brot á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundis banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins munu samt ávallt mótað af vilja til að aðstoða iðkanda við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

7.5 Viðbragð

Ef upp koma erfið mál skal félagið í öllum tilvikum leita til Samskiptaráðgjafa Íþróttá- og æskulýðsstarfs. Þar er veitt ráðgjöf hvernig best er að vinna úr málunum. Félagið skal jafnframt í öllum tilvikum nýta sér nýja Viðbragðsáætlun íþróttá- og æskulýðsstarfs. Hana má nálgast hér: <https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>



8. Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Ungmennafélagsins ÁS byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öll kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða íþróttafulltrúi.	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum. Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða íþróttafulltrúi.	Árlega
Verðlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni. Leiðréttta kyndbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn eða íþróttafulltrúi.	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hverrar íþróttagreinar eftir kyni. Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttargreinar/-greina	Stjórn eða íþróttafulltrúi.	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn félagsins.	Árlega



ÞJÁLFARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins.	Stjórn eða íþróttafulltrúi.	Árlega.
Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðréttá kynbundinn mun ef er.		

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein. Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnum félagsins m.t.t. kyns. Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðréttá kynbundinn mun ef er.	Stjórn félagsins.	Árlega.

EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu.	Stjórn	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.		
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti.	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáæltun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.		Fjórða hvert ár



9. Umhverfisstefna og umgengni

9.1 Umhverfisstefna

Mikilvægt er að allir gangi vel um umhverfi sitt. Í allri starfsemi félagsins skal forðast eftir megni að valda mengun af einhverju tagi s.s. hljóð-, loft- eða vatnsmegnun.

Stefna Ungmennafélagsins ÁS í umhverfismálum er:

1. Halda skal árlega einn tiltektar dag að vori á íþróttasvæði félagsins.
2. Félagið hvetur foreldra og forráðamenn til að huga að samkeyrslu á æfingar.
3. Félagsmenn skulu ávallt ganga vel um og huga að flokkun sorps á öllum viðburðum sem félagið sækir.
4. Iðkendur, aðstandendur og þjálfarar skulu fara vel með öll áhöld til að tryggja góða endingu.
5. Félagsmenn eru hvattir til að fara mjög vel með allan íþróttafatnað til að tryggja sem lengsta endingu.
6. Þeir iðkendur og foreldrar sem búa í nálægð við íþróttasvæði/mannvirki eru hvattir til þess að ganga eða hjóla til og frá æfingum.

9.2 Umgengni

9.2.1 Húsreglur í íþróttahúsi

Iðkendum ber að fylgja þeim reglum sem starfsfólk setur um umgengni í íþróttamiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

Þær eru eftirfarandi auk reglna frá féluginu:

1. Nemendur bíða í klefa sínum eða sitja í gangi íþróttamiðstöðvar þar til þjálfari kemur og sækir þá.
2. Nemendur og þjálfarar ganga snyrtilega um húsið. Rusli skal hent í ruslafötur sem staðsettar eru í anddyri og klefum.
3. Nemendur og þjálfarar hjálpast að við að ganga frá áhöldum eftir æfingar. Öll áhöld eiga að fara á sinn stað.
4. Óskilamuni skal fara með í afgreiðslu.
5. Tyggjó er ekki leyft í íþróttahúsinu.
6. Notkun farsíma er ekki leyfð í klefum og á æfingum.
7. Ekki skal fara inn á útiskóm, þeir skulu geymdir í anddyri.
8. Áhorfendur eiga ekki að leika sér í salnum.
9. Fylgja skal fyrirmælum starfsfólks í húsinu.
10. Neysla tóbaks áfengis er með öllu óheimil jafnt innan- sem utandyra.



9.2.2 Iðkendareglur

Kynna skal iðkendareglur í upphafi hverrar annar.

1. Iðkendur mæti stundvíslega og séu tilbúnir í fótum þegar tíminn hefst.
2. Iðkendur bíði stilltir inni í klefa eða á gangi íþróttahús þar til þjálfari sækir þá.
3. Iðkendur fari út úr salnum strax að lokinni æfingu og gæti þess að skilja engan fatnað eftir inni í sal.
4. Iðkendum er stranglega bannað að vera með tyggjó eða annað sælgæti á æfingum. Leyfilegt er að vera með vatnsbrúsa inni í sal.
5. Mikilvægt er að vera duglegur að mæta á allar æfingar til að hægt sé að vinna að settum markmiðum.
6. Foreldrum/forráðamönnum er heimilt í samráði við þjálfara að horfa á æfingar.

I0. Persónuverndarstefna

1. Almennt

Ungmennafélagið ÁS, kt. 440479-0149, með aðsetur að Kirkjubæjarklaustri 2, 880 Kirkjubæjarklaustur leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá Ungmennafélagini ÁS.

Ungmennafélagið ÁS leitast við að uppfylla ákvæði um regluverk laga um persónuvernd sem í gildi eru á hverjum tíma. Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (pvl.) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 2016/679 (rglg.).

Ungmennafélagið ÁS telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er aðgengileg á heimasíðu ÁS og var þessi útgáfa samþykkt þann 22.08.2023 á fundi stjórnar félagsins.

2. Meginreglur persónuverndar

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveisittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.



3. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og hvernig?

Ungmennafélagið ÁS kemst ekki hjá því að safna ýmsum persónuupplýsingum í starfsemi sinni. Félagið safnar og vinnur persónuupplýsingar meðal annars um

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Iðkendur
- Keppendur
- Viðskiptamannaupplýsingar

Ólíkum upplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga. Til dæmis er ítarlegri upplýsingum safnað um starfsmenn heldur en félagsmenn og almenning. Dæmi um upplýsingar sem við vinnum eru

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.
- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Félagsmanna- eða iðkendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símannúmer, starfsheiti og samskiptasaga.
- Myndir af gestum á viðburðum, fræðslufundum og mótum.

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum og vinnum koma venjulega beint frá hinum skráð einstaklingi. En geta líka komið frá öðrum aðilum eins og Sportabler gagnagrunninum.

4. Hver er grundvöllur/tilgangur vinnslu persónuupplýsinga?

Ungmennafélagið ÁS vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að Ungmennaféluginu ÁS. Þáttakendur í íþróttaviðburðum á vegum Ungmennafélagsins ÁS skrá upplýsingar um sig sjálfir í skráningarkerfi félagsins í Sportabler. Upplýsingar um þáttakendur eru skráðar til að hægt sé að þjónusta þá og halda utan um sögu og tölfræði viðburðanna.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands og á það einkum við um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á.

Þá fer vinnsla einnig fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna Ungmennafélagið ÁS.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn, iðkendur og keppendur. Á grundvelli samnings, lagaskyldu eða til að uppfylla kröfur sem t.d. ÍSÍ gera. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.



5. Miðlun

Ungmennafélagið ÁS kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna ýmissa ástæðna. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu t.d. vegna sjúkraþjálfunar, þjálfunar, dómgæslu. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum.

Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir Ungmennafélagið ÁS að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m. a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

6. Öryggi og varðveisla

Ungmennafélagið ÁS er meðvitað um þá ábyrgð sem hvílir á stjórnendum félagsins við varðveislu persónuupplýsinga. Félagið geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt þykir til að uppfylla tilgang vinnslu. Söguleg gögn eru geymd ótímabundið. Bókhaldsgögn eru geymd í að minnsta kosti 7 ár eins og lög kveða á um. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun Ungmennafélagið ÁS varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.

7. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur Ungmennafélagsins ÁS og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi sín með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið umfas@klaustur.is. Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að persónuupplýsingum
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðrétttingar og eyðingar
- mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu Ungmennafélagið ÁS á persónuupplýsingum. Þá kann framangreint að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum Ungmennafélagið ÁS. Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra sem virkja réttindi sín, svo sem ökuskírteini eða vegabréfi, til að tryggja það að upplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

8. Samskipti við Ungmennafélagið ÁS og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála Ungmennafélagsins ÁS er unnt að beina á netfangið umfas@klaustur.is. Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til



Persónuverndar. Finna má upplýsingar um hvernig hafa skal samband við stofnunina hér: www.personuvernd.is.

9. Breytingar á persónuverndarstefnu Ungmennafélagið ÁS

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu ÁS, umfas.is

II. Ágrip af sögu félagsins

Ungmennafélagið ÁS varð til við sameiningu Ungmennafélaganna Ármanns og Skafta í Skaftárhreppi. Sameiningin var samþykkt á fjölmennum fundi á Kirkjubæjarstofu þann 8. mars árið 2024. Stjórnir Umf. Ármanns og Umf. Skafta hittust á fundi haustið 2023 sem leiddi til þess að hugmynd um sameiningu komst á annað stig. Mikil vinna og gott samtal átti sér stað í kjölfarið sem skilaði samhljóða niðurstöðu um sameiningu félaganna. Nokkrum dögum áður, þann 3. mars, var aðalfundur Umf. Skafta haldinn þar sem samþykkt var að allir félagar og starfssemi Umf. Skafta myndi færast yfir í ný stofnað félag, UMFÁS. Félagið var stofnað á kennitölu Umf. Ármanns og með samþykki nýrra laga var samþykkt breyting á nafni félagsins og merki.

Starf félagsins fór strax í fullan gang og fjölbreytt dagskrá var í boði vorið 2024 þar sem uppleggið var hreyfing fyrir alla. Greinarnar voru blak, ringó, karate, knattspyrna, körfubolti, badminton, borðtennis og íþróttaskóli fyrir 3-5 ára börn. Þar að auki stóð félagið fyrir sundleikfimi, boccia og pokavarpi fyrir 60+. Yngstu iðkendur félagsins eru 3 ára og þeir elstu á átræðisaldri.

Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð.

Formaður: Fanney Ólöf Lárusdóttir

Gjaldkeri: Kristín Lárusdóttir

Ritari: Sæunn Káradóttir

Meðstjórn: Bryndís Karen Pálsdóttir

Meðstjórn: Gunnar Erlendsson

Til vara: Bjarni Dagur Bjarnason, fulltrúi ungmenna.

Til vara: Konný Sif Gottsveinsdóttir

I2. Kennslu- og æfingaskrá yngri flokka

12.1 Kennsluáætlun UMFÁS í knattspyrnu

Skipulögð og markviss þjálfun eru lykilatriði sem og að aðstæðurnar séu þannig að iðkendur geti stundað sýna þjálfun með sínum markmiðum hvort sem þeir stefna lengra í greininni eða stundi hana vegna hreyfingar eða félaglegra þáttta.

Þar sem um fremur fámennt samfélag er að ræða tekur áætlunin mið af því. Í Skaftárhreppi æfa breiðir aldurshópar saman, sem getur verið frekar krefjandi. Bæði fyrir iðkendur og þjálfara. Þess vegna er mikilvægt að þjálfari vinni eftir áætlun sem nær eins og best verður á kosið yfir nokkuð breiðan aldurshóp. Þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín og taka framförum.

Áhersluatriði 6-10 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Að venjast boltanum.
- Fjölbreytt knattrak.
- Einfaldar leikbrellur.
- Áhersla á innanfótarsprynur.
- Að taka á móti boltanum innanfótar og læri.
- Mikið af leikjum með bolta.
- Halda bolta á lofti.
- Æfa bæði hægri og vinstri.
- Markskot úr kyrrstöðu sem og eftir knattrak.

Helstu markmið:

- Jákvæð og skemmtileg upplifun af íþróttinni.
- Félagsleg þjálfun, góð samskipti og kurteisi.
- Virðing fyrir þjálfurum, samherjum, dómurum sem og félagini sjálfu.
- Leikgleði og ánægja alltaf í fyrsta sæti.
- Að iðkendur kynnist grunnreglum íþróttarinnar.
- Mótin eru til að læra af. Úrslit leikja eru aukaatriði svo lengi sem allir geri sitt besta og eru til fyrirmynðar innan og utan vallar.

Keppni og viðburðir.

- Á veturnar skal stefnt á að fara á eitt stórt fótboltamót (t.d. Kjörísmót Hamars). Þar að auki eru tvö innanhúsmót hjá USVS á Kirkjubæjarklaustri sem og í Vík. Á sumrin er farið á Smábæjaleikana á Blönduósi.
- Árlegur knattspyrnuskóli AVP ehf. og Umf. Kötlu í Vík á sumrin.



Áhersluatriði 11-16 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Knattækni, rekja, stjórna bolta og sendingar.
- Liðssamvinna, leikskipulag, hlaupa sig frían, staðsetning og samleikur.
- Návígí, mikið af 1á1 æfingum.
- Leikæfingar með sérstökum áherslu atriðum.
- Ýmsir leikir og æfingar sem krefjast samvinnu iðkenda.
- Almenn þolþjálfun.

Helstu markmið:

- Félagsleg þjálfun, góð samskipti og kurteisi.
- Virðing fyrir þjálfurum, samherjum, dómurum sem og félagini sjálfu.
- Leikgleði og ánægja alltaf í fyrsta sæti.
- Þjálfun tæknilegrar færni.
- Leikfræðileg atriði.
- Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.
- Mikil áhersla á prúða og íþróttamannslega framkomu.
- Það er gaman á mótum. Þjálfari metur hverju sinni og setur raunhæf markmið fyrir lið í keppni.

Keppni og viðburðir.

- Á veturnar eru tvö innanhúsmót hjá USVS, annað á Kirkjubæjarklaustri og hitt í Vík. Allt sumarstarf unnið í samstarfi við önnur félög. 5. flokkur (11-12 ára) fer á Smábæjaleika og keppir þar undir merkjum USVS, í samstarfi við Umf. Kötlu. Þetta samstarf á einnig við Unglingalandsmót UMFÍ. Þar er alltaf stefnt á að hafa lið í 5. flokki, 4. flokki og 3. flokki. Einnig hefur staðið til boða að keppa með KFR á Íslandsmótum en það skal tekið til skoðunnar hverju sinni.
- Árlegur knattspyrnuskóli AVP ehf. og Umf. Kötlu í Vík á sumrin



12.2 Kennsluáætlun UMFÁS í körfuknattleik

Skipulögð og markviss þjálfun eru lykilatriði sem og að aðstæðurnar séu þannig að iðkendur geti stundað sýna þjálfun með sínum markmiðum hvort sem þeir stefna lengra í greininni eða stundi hana vegna hreyfingar eða félagslegra þátta.

Þar sem um fremur fámennt samfélag er að ræða tekur áætlunin mið af því. Í Skaftárhreppi æfa breiðir aldurshópar saman, sem getur verið frekar krefjandi. Bæði fyrir iðkendur og þjálfara. Þess vegna er mikilvægt að þjálfari vinni eftir áætlun sem nær eins og best verður á kosið yfir nokkuð breiðan aldurshóp. Þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín og taka framförum.

Áhersluatriði 6-10 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Að venjast boltanum.
- Mikið og fjölbreytt knattrak.
- Einfaldar leikbrellur.
- Æfa bæði hægri og vinstri.
- Mikið af leikjum með bolta.
- Vörn fyrir aftan miðju.
- Sækja frákost, bæði varnar- og sóknar.
- Grundvallaratriði varnarleiks og sóknarleiks.

Helstu markmið:

- Jákvæð og skemmtileg upplifun af íþróttinni.
- Félagsleg þjálfun, góð samskipti og kurteisi
- Virðing fyrir þjáfurum, samherjum, dómurum sem og félagini sjálfu.
- Leikgleði og ánægja alltaf í fyrsta sæti.
- Að iðkendur kynnist grunnreglum íþróttarinnar.
- Mótin eru til að læra af. Úrslit leikja eru aukaatriði svo lengi sem allir geri sitt besta og eru til fyrirmyndar innan og utan vallar.

Keppni og viðburðir.

Stærsti hluti mótarstarfs fer fram í samvinnu við félög í Vestur-Skaftafelssýslu og Rangárvallasýslu. Áætla skal að farið sé á a.m.k. 2 móti á hverjum vetri. Lava mótið á Hvolsvelli er haldið árlega sem og vormót USVS á Kirkjubæjarklaustri.



Áhersluatriði 11-16 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar.
- Iðkendur kynnast ýmsum leikaðferðum.
- Sendingar yfir höfuð og gabbhreyfingar.
- Mikið af skotæfingum.
- Knattrak fyrir aftan bak og knattrak á milli fóta.
- Hraðabreyting með bolta.
- Frákost, bæði varnar- og sóknar.
- Að nýta sér föst leikatriði sem best.

Helstu markmið:

- Félagsleg þjálfun, góð samskipti og kurteisi.
- Virðing fyrir þjálfurum, samherjum, dómurum sem og féluginu sjálfu.
- Leikgleði og ánægja alltaf í fyrsta sæti.
- Þjálfun tæknilegrar færni.
- Leikfræðileg atriði.
- Mikil áhersla á prúða og íþróttamannslega framkomu.
- Það er gaman á mótum. Þjálfari metur hverju sinni og setur raunhæf markmið fyrir lið í keppni.

Keppni og viðburðir.

Stærsti hluti mótarfs fer fram í samvinnu við félög í Vestur-Skaftafelssýslu og Rangárvallasýslu. Áætla skal að farið sé á a.m.k. 2 móti á hverjum vetri. Lava mótið á Hvolsvelli er haldið árlega sem og vormót USVS á Kirkjubæjarklaustri. Á sumrin stendur til boða að keppa í körfubolta á Unglingalandsmóti UMFÍ.

12.3 Kennsluáætlun UMFÁS í frjálsum íþróttum

Skipulögð og markviss þjálfun eru lykilatriði sem og að aðstæðurnar séu þannig að iðkendur geti stundað sýna þjálfun með sínum markmiðum hvort sem þeir stefna lengra í greininni eða stundi hana vegna hreyfingar eða félaglegra þátta.

Þar sem um fremur fámennt samfélag er að ræða tekur áætlunin mið af því. Í Skaftárheppi æfa breiðir aldurshópar saman, sem getur verið frekar krefjandi. Bæði fyrir iðkendur og þjálfara. Þess vegna er mikilvægt að þjálfari vinni eftir áætlun sem nær eins og best verður á kosið yfir nokkuð breiðan aldurshóp. Þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín og taka framförum.



Áhersluatriði 6-10 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Vinna með grunnþjálfun í langstökki og þrístökki bæði með og án atrennu.
- Grunnþjálfun í hástökki.
- Vinna með skutlukast sem undirbúning undir kastgreinar.
- Þjálfa snerpu, liðleika og styrk iðkenda.
- Fjölbreyttar æfingar sem vekja leikgleði.

Helstu markmið:

- Kynna helstu reglur í frjálsum, innan sem utan vallar.
- Öllum iðkendum í frjálsum er gert jafn hátt undir höfði.
- Háttvísí og íþróttamannslega framkoma bæði innan sem utan vallar.

Keppni og viðburðir.

Helstu móti yngri iðkenda í frjálsum íþróttum eru innanhúsmót USVS á Kirkjubæjarklaustri, haldið í febrúar ár hvert, sem og hin árlega íþróttahátíð USVS sem haldin er í Vík í ágúst. Þjálfari skal halda því opnu að fara á fleiri móti.

Áhersluatriði 11-16 ára

Helstu þjálfunarmarkmið:

- Þjálfa tækni í langstökki og þrístökki bæði með og án atrennu.
- Þjálfa tækni í hástökki.
- Þjálfa kastgreinar, bæði spjótkast og kúluvarp.
- Mikil áhersla á snerpu, liðleika og styrk iðkenda.
- Skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar.

Helstu markmið:

- Öllum iðkendum í frjálsum er gert jafn hátt undir höfði.
- Háttvísí og íþróttamannslega framkoma bæði innan sem utan vallar.

Keppni og viðburðir.

Leitast skal eftir því að sækja a.m.k. eitt móti á önn að frátöldum mónum Ungmennasambandsins. Mót USVS eru innanhúsmót á Kirkjubæjarklaustri í febrúar ár hvert og íþróttahátíð í Vík í ágúst.



12.4 Kennsluáætlun UMFÁS í karate

Skipulögð og markviss þjálfun eru lykilatriði sem og að aðstæðurnar séu þannig að iðkendur geti stundað sýna þjálfun með sínum markmiðum hvort sem þeir stefna lengra í greininni eða stundi hana vegna hreyfingar eða félaglegra þátta.

Þar sem um fremur fámennt samfélag er að ræða tekur áætlunin mið af því. Í Skaftárhreppi æfa breiðir aldurshópar saman, sem getur verið frekar krefjandi. Bæði fyrir iðkendur og þjálfara. Þess vegna er mikilvægt að þjálfari vinni eftir áætlun sem nær eins og best verður á kosið yfir nokkuð breiðan aldurshóp. Þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín og taka framförum.

Áhersluatriði 6-16 ára

Helstu þjáfunarmarkmið:

- Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.
- Mikil áhersla lögð á æfingar til að efla liðleika.
- Iðkendur fá tækifæri til að kynnast karatestílunum þremur, KIHON, KATA og KUMITE. Viðfangsefnið hverju sinni fer þó að sjálfsögðu eftir hæfni iðkenda.

Nánari skilgreining á karate stílunum þremur.

KIHON: Eru grunnæfingar þar sem hver tækni fyrir sig er kennd og skipt niður. Iðkandi æfir spörk, högg og varnir þar til hann nær góðu valdi á hreyfingum og stöðum í karate.

KATA: Eru grunnæfingar ofnar saman í bardaga við ímyndaðan andstæðing. Framkvæma þarf fyrirfram ákveðnar hreyfingar í ákveðinni réttri röð, á réttum hraða og með réttum áherslum. Kata eru mismunandi og mismargar eftir karatestílum.

KUMITE: Er frjáls bardagi á milli tveggja einstaklinga og er önnur tveggja keppnisgreina í karate. Stig eru gefin fyrir högg og spörk sem hæfa andstæðinginn á leyfilegum stöðum eða eru innan réttarar fjarlægðar frá andstæðingi.

- Þjálfunin skal taka mið af því að iðkendur muni fá tækifæri til að taka gráðupróf og hljóta þarf að leiðandi ný belti ef þau standast prófið.

Helstu markmið:

- Mikil áhersla á stundvísni, aga og virðingu.
- Að allir fái verkefni við sitt hæfi til að taka framförum.
- Virðing fyrir samnemendum, þjálfara og félagini.

Keppni og viðburðir.

Þjálfari skal ávallt vera með opinn huga fyrir því að sækja mótt með sína iðkendur. Stærsti viðburður karatestarfs UMFÁS er karatehelgin sem hefur fram að þessu verið haldin í maí ár hvert. Þá hefur Gunnlaugur Sigurðsson yfirþjálfari karatedeildar Hauka í Hafnarfirði heimsótt Kirkjubæjklaustur. Iðkendur hafa þá sótt 2-3 daga námskeið sem endar á gráðuprófi.



Viðauki I

Lög Ungmennafélagsins ÁS

Kafli A: Um félagið

1. Félagið heitir Ungmennafélagið ÁS, skammstafað UMFÁS og hefur aðsetur sitt í sveitarféluginu Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.
2. Ungmennafélagið ÁS er aðili að Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu.
3. Félagar í UMFÁS eru allir þeir sem þess óska eða taka þátt í starfi félagsins og gangast undir lög félagsins. Skulu félagar skráðir í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í féluginu.
4. Aðalstjórn heldur skrá yfir félaga. Aðalstjórn getur vikið félaga úr féluginu fyrir stórfellt brot á lögum félagsins.
5. Markmið félagsins eru:
 - a. Iðkun íþrótta og að auka áhuga félagsmanna og almennings á heilsueflingu.
 - b. Að vinna gegn neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímugjafa.
 - c. Að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tómstundastarfi.
 - d. Að stuðla að öflugu menningarlífi í sveitarféluginu Skaftárhreppi.
 - e. Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands sem er „Ræktun lýðs og lands.“ Kjörorðið er: „Íslandi allt!“
6. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, námskeiðum, félagsstarfi, íþróttæfingum og ýmiskonar framkvæmdum sem bestar þykja á hverjum tíma.
7. Einkennislitir félagsins eru appelsínugulur, blár, hvítur og svartur.

Kafli B: Stjórн

1. Málefnum félagsins stjórna aðalfundur og stjórн.
2. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Kafli C: Aðalfundur

1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.
2. Aðalfund skal halda fyrir lok mars ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti á heimasíðu félagsins. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað.
3. Tillögur að lagabreytingum, tilkynningar um framboð, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund, skulu berast til stjórnar félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Dagskrá aðalfundar og tillögur skulu gerðar aðgengilegar félagsmönnum eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.
4. Allir félagar hafa rétt til setu á aðalfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa hafa lögráða félagar.
5. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.



Kafli D: Félagsfundur

1. Félagsfund má halda ef tilefni þykir til eða með skriflegri beiðni undirritaðri af lágmarki 10 félagsmönnum. Tilgreina þarf ástæðu fyrir beiðni um félagsfund. Stjórn ber að verða við beiðninni.
2. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til félagsfundar má hafa helmingi styttri en til aðalfundar.
3. Á félagsfundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um aðalfund.

Kafli E: Dagskrá aðalfundar

16. Fundarsetning
17. Kosning fundarstjóra og fundarritara
18. Formaður flytur skýrslu stjórnar
19. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar
20. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
21. Tillögur og lagabreytingar lagðar fyrir fundinn ef um er að ræða
22. Umræður og afgreiðsla tillagna
23. Lagabreytingar afgreiddar
24. Stjórnarkosningar:
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosinn ritari
 - c. Kosinn gjaldkeri
 - d. Kоснir tveir meðstjórnendur
 - e. Kosnir tveir varamenn
25. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
26. Aðrar kosningar:
 - a. Kosnir fimm fulltrúar í foreldraráð
 - b. Kosnir þrír fulltrúar í íþróttanefnd
 - c. Kosnir fulltrúar á ársþing USVS
27. Veittar viðurkenningar
28. Önnur mál
29. Fundargerð aðalfundar borin upp til afgreiðslu.
30. Fundarslit

Kafli F: Önnur ákvæði um aðalfund

1. Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Nema ef um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.
2. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.



3. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

Kafli G: Stjórn félags

1. Stjórn félagsins skipa fimm menn, auk tveggja varamanna. Formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Ritari félagsins er jafnframt varaformaður.
2. Stjórn skal kjörin á aðalfundi, einn maður í einu í þessari röð: Formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Leyfilegt er að kjósa varastjórn í einu lagi. Sá einstaklingur sem kosinn er í varastjórn og hlýtur flest atkvæði er fyrsti varamaður.

Kafli H: Starfssvið stjórnar

1. Að fara með yfirstjórn félagsins, framkvæma ályktanir fundar og vinna að lögbundnum markmiðum félagsins.
2. Formaður hefur aðal framkvæmdavaldið og skal gæta þess að allir félagsmenn gæti skyldu sinnar gagnvart félaginu og boðar til funda. Gjaldkeri heimtir inn tekjur félagsins og greiðir gjöld þess. Hann sér um fjármál félagsins og ber ábyrgð á þeim ásamt öðrum stjórnarmönnum. Hann sér um reikninga félagsins sem skulu lagðir fram á aðalfundi, skoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.
3. Stjórnarfundi skal halda eftir þörfum. Halda skal að minnsta kosti 4 stjórnarfundi á ári.

Kafli I: Nefndir og ráð félags

1. Innan félagsins starfa tvær nefndir: Íþróttanefnd skipuð þremur fulltrúum og foreldraráð skipað fimm fulltrúum.
2. Heimilt er að stofna nýjar nefndir ef upp koma verkefni sem krefjast þess.
3. Formenn nefnda innan félagsins skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund hvers árs.
4. Nefndarformenn eru kosnir á aðalfundi og nefndarmenn einnig.
5. Nefndarformenn boða til funda. Foreldraráð fundar a.m.k. 3 sinnum á ári og íþróttanefnd a.m.k. 1 sinni á ári.
6. Íþróttanefnd skal ár hvert tilnefna efnilegasta íþróttamann ársins og einnig tilnefna til hvatningarverðlauna. Það skal gert samkvæmt reglugerð Ungmennafélagsins ÁS um val á íþróttamönnum ársins. Íþróttanefnd hefur jafnframt heimild til að tilnefna félaga ársins fyrir óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf.
7. Hlutverk foreldraráðs er að vera tengiliður iðkenda og forráðamanna þeirra við stjórn og þjálfara félagsins. Jafnframt að styðja við það íþróttu- og félagsstarf sem fram fer hjá iðkendum.



Kafli J: Slit félags

1. Tillögur um að leggja félag niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi.
2. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
3. Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar þeirri nefnd sem fer með íþróttá- og tómstundamál Skaftárhrepps til varðveislu.
4. Hafi starfsemin öll legið niðri í tvö ár og aðalfundur ekki verið haldinn, telst félagið ekki lengur starfandi. Skal þá sú nefnd sem fer með íþróttá- og tómstundamál Skaftárhrepps varðveita eignir þess. Verði félagið endurvakið eða annað ungmennafélag stofnað á sama félagssvæði innan 20 ára frá því starfsemi lagðist niður, þá skulu eignir félagsins renna til hins nýja félags, annars til sveitarfélagsins.

Kafli K: Lagasetning/lagabreyting

1. Um þau atriði sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Lög þessi taka gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn USVS hafa samþykkt lögini.



Viðauki II

Upplýsingar um stjórnarmenn, nefndir og starfsmenn.

Stjórn:

Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður.
Sæunn Káradóttir, ritari.
Kristín Lárusdóttir, gjaldkeri.
Bryndís Karen Pálsdóttir, meðstjórnandi.
Gunnar Erlendsson, meðstjórnandi.

Varamenn:

Bjarni Dagur Bjarnason (fulltrúi ungmenna) og Konný Sif Gottsveinsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga.

Sverrir Gíslason og Sigmar Helgason, Sigurður Sverrisson til vara.

Foreldraráð.

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir
Bjarni Bjarnason
Gunnar Erlendsson, formaður nefndarinnar.
Pálmar Atli Jóhannesson
Rannveig Ólafsdóttir

Íþróttaneftnd.

Bryndís Karen Pálsdóttir
Davíð Andri Agnarsson
Guðmundur Ingi Arnarsson, formaður nefndarinnar.

Ungmennafélagið ÁS er með einn starfsmann. Þann 4. janúar 2023 var skrifað undir þjónustusamning milli Ungmennafélagsins Ármanns (nú UMFÁS) og Skaftárhrepps um rekstur íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson er íþrótta- og æskulýðsfulltrúi.



Viðauki III

Yfirlit yfir starf félagsins

Janúar:

- Aðalfundur félagsins tímasettur.
- Auglýsa íþróttastarf vorarnnar
- Handboltanámskeið
- Gengið frá bókhaldi sl. árs.
- Þjálfarar taka saman tilnefningar vegna viðurkenninga á aðalfundi. Tilnefningar sendar nefndarmönum í íþróttanefnd.

Febrúar:

- Þjálfarar funda með íþróttanefnd. Ákveðið hverjir hljóta viðurkenningar
- Panta verðlaunagripi vegna aðalfundar
- Auglýsa aðalfund
- Innanhúsmót USVS, frjálsar
- Sækja um í æskulýðssjóð USVS

Mars:

- Taka saman tilnefningar fyrir ársþing USVS
- Ársþing USVS
- Byrja undirbúa sumarstarfið
- Sækja um í Samfélagssjóð Landsvirkjunar (fyrir 1. apríl)
- Innanhúsmót USVS, fótbolti

Apríl:

- Körfuboltamót USVS
- Körfuboltamót ÁS (fullorðnir)
- Sækja um í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir 1. nóvember

Maí:

- Lokahóf íþróttastarfs vorannar

Júní:

- Sumaræfingar hefjast
- Smábæjaleikar á Blönduósi
- Leikjanámskeið



Júlí:

- Byrja undirbúa dagskrá haustannar
- Sækja um í Samfélagssjóð Landsvirkjunar fyrir 1. ágúst

Ágúst:

- Lokahóf íþróttastarfsumarsins
- Unglingalandsmót UMFÍ
- Íþróttahátíð USVS í Vík
- Undirbúningur íþróttastarf haustannar
- Auglýsa íþróttastarf haustannar
- Sækja um í Samfélagsstyrk Krónunnar fyrir 31. ágúst

September:

- Sækja um íþróttasjóð Rannís fyrir 1. október

Október:

- Sækja um í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir 1. nóvember
- Lava mótið í körfubolta á Hvolsvelli

Nóvember:

- Sækja um í Samfélagssjóð Landsvirkjunar fyrir 1. desember
- Innanhúsmót USVS, fótbolti.

Desember:

- Lokahóf íþróttastarfhaustannar

Annað:

- Fréttatilkynningar á heimasíðu félagsins, umfás.is, og á Facebook síðu félagsins eftir þörfum.
- Þessi listi er ekki tæmandi og getur tekið breytingum.



Viðauki IV

Ráðningarsamningur þjálfara

Milli Ungmennafélagsins ÁS og _____ starfsárið 2025/2026

Þjálfari tekur að sér umsjón og þjálfun. Grein: _____

- 1) Þjálfari er fyrirmund iöknda í framkomu, stundvísni og góðum umgengisvenjum í íþróttasal, búningsklefa sem og annarsstaðar. Í því felst m.a. að þjálfari neytir ekki áfengis og tóbaks, né orku- og gosdrykkja í og við íþróttahúsið.
- 2) Þjálfari leggur metnað sinn í að auka þekkingu sína með því að sækja námskeið sem nýtast honum við þjálfun.
- 3) Þjálfari gerir æfingaáætlun í upphafi annar og leitast við að fylgja henni eftir.
- 4) Þjálfara ber að leggja mikinn metnað í störf sín og vinna að heilum hug.
- 5) Þjálfari heldur ekki aukaæfingar nema í samráði við íþróttafulltrúa eða formann félagsins.
- 6) Ef þjálfari forfallast tilkynnir hann það til íþróttafulltrúa. Ef ekki finnst afleysing þá fellur æfingin niður og skilaboð send út á Sportabler til að tilkynna það.
- 7) Þjálfari fylgist með mætingu og skráir inn í Sportabler ef einhver er ekki mættur. Hann lætur íþróttafulltrúa vita ef einhver mætir ítrekað á æfingar án þess að vera skráður.
- 8) Þjálfari kynnir iökendum reglur í upphafi hverrar annar og þegar nauðsyn ber til.
- 9) Þjálfari byggir upp samstarf við foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- 10) Þjálfari tekur þátt í skipulagningu og undirbúningi viðburða á vegum félagsins þar sem það á við hverju sinni, s.s. undirbúningi móta í þeirri grein sem þjálfað er í.
- 11) Þjálfara ber að fylgja iökendum á móti.
- 12) Þjálfari leitast við á allan hátt að auka veg og virðingu Ungmennafélagsins ÁS jafnt innan vallar sem utan.
- 13) Laun fyrir hverja æfingu er kr. _____, laun eru trúnaðamál milli þjálfara og stjórnar ÁS.
- 14) Þjálfari heldur utan um fjölda æfinga sinna, t.d. á tímaskýrslu. Hann ber ábyrgð á því að koma upplýsingum til gjaldkera ekki seinna en síðasta virka dag mánaðarins með því að senda tölvupóst á umfas@klaustur.is eða afhenda gjaldkera tímaskýrslu. Ef upplýsingar berast ekki tímanlega geta launagreiðslur dregist að næstu mánaðarmótum.
- 15) Launagreiðslur fara fram á tímabilinu 1.-5. hvers mánaðar.
- 16) Þjálfari gerir sér grein fyrir að nauðsynlegt getur reynst að endurskipuleggja hópa og jafnvel fella niður, ef hópar verða fámennir og eins ef brottfall verður úr hópnum.
- 17) Þjálfari er bundinn þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar um persónulega hagi iöknda og gildir þagnarskyldan þótt þjálfari láti af störfum.

Kirkjubækarklaustri dags._____

Þjálfari

F.h. Ungmennafélagsins ÁS



Viðauki V

Fjárhagsáætlun 2025 fyrir Ungmennafélagið ÁS



Fjárhagsáætlun 2025 fyrir Ungmennafélagið ÁS

Rekstrartekjur

Lottógreiðslur	540,000
Styrkir frá USVS	270,000
Styrkur frá Skaftárhreppi.....	8,000,000
Styrkir frá fyrirtækjum	2,000,000
Æfingagjöld	1,700,000
Námskeið	200,000
Innkomna af 17. júní	130,000
Þátttökugjöld af mótmum	295,000
Tekjur af búninga- og vörusölu	50,000
Vaxtatekjur	500,000

Tekjur alls: 13,685,000

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld íþróttar- og æskulýðsfulltrúa	7,300,000
Verktakagreiðslur þjálfara	2,000,000
Áhöld og tæki	2,000,000
Þátttaka á mótmum	1,000,000
Kostnaður vegna mótauhalds	200,000
Funda- og póstkostnaður og Sportabler	250,000
Námskeiðahald og kostnaður vegna íþróttæfinga	500,000
Þjónustugjöld	80,000

Rekstrargjöld alls: 13,330,000

Hagnaður ársins: 355,000